



Dagskrá fundarins eru skv. lögum SSR gr: 2.6.

1. Kosning fundarstjóra og ritara. Stungið er uppá Matthíasi Péturssyni sem fundarstjóra og Sonju Kjartansdóttur sem fundarritara. – samþykkt
2. Lögð fram skýrsla stjórnar. Hrönn talaði út frá skýrslu stjórnar og kom m.a. inná þá staðreynd að fækkun er í flestum félögum -

Umræður.

-Ásta Bjarney Haförn: óskaði eftir því að fundurinn sendi frá sér ályktun þess efnis að óska eftir því að fá að kynna okkar starf inni skólunum. Einnig sagði hún frá því hvernig Haferni fóru að því að fjölga í sínu félagi.

Arnlaugur Landnemar: - talaði um ársskýrslu Mosverja þar sem auk árlegra upplýsinga þá er það líka upplýsingar um starfið, hún sé litrík og skemmtileg og nýtist því vel í kynningarstarfi fyrir félagið inni bæjarapparatið.

-Ásta Bjarney Haförn tók undir með Arnlaugi og benti á að það væri líka að finna ýmsa góða fróðleiksmola.

3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar og fjárhagsáætlun til eins árs. –

Umræður.

Rætt var um afkomu Skátalands, Starfsmannastyrki og skil á skýrslum, auglýsingamáttur Útílfsskóla – ætti að hækka styrki til Útílfsskóla.

-Arnlaugur þakkaði Arthúri fyrir vel unnin störf sem gjaldkeri, kom einnig inná launakostnaðinn við Útílfsskólana – reyna að fá 3 fullorðna greidda fyrir Útílfsskólana.

-Ásgeir Segull spurði út í styrki til skátafélagið í fjárhagsáætlun

Fundarstjóri bar upp reikninga og fjárhagsáætlun sem bæði var samþykkt með öllum atkvæðum.

4. Tillögur um lagabreytingar kynntar- tvær tillögur:

1. Flutningsmaður: Laganefnd SSR

Lögð fram á aðalfundi 26.mars 2015

Grein 1.4

B. Minjanefnd. Þá á SSR aðild að Minjanefnd skáta. Í henni sitja 6 menn, tveir tilnefndir af BÍS, tveir af SSR og tveir af St. Georgsgildunum á Íslandi.

Minjanefnd starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn SSR tilnefnir fyrir 1. maí fulltrúa til tveggja ára, einn hvert ár. Heimilt er að endurskipa menn.

Hér með er lagt til að greinin hljóði svo:

B. Minjanefnd. Þá á SSR aðild að Minjanefnd skáta. Í henni sitja 6 menn, tveir tilnefndir af BÍS, tveir af SSR og tveir af St. Georgsgildunum á Íslandi.

Minjanefnd starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og skiptir sjálf með sér verkum.

Greinargerð

Á aðalfundi 2014 var samþykkt lagabreyting á kosningu í Minjanefnd og skulu fulltrúar hennar vera kosnir til tveggja ára og er kosið um eitt embætti í senn samkvæmt neðangreindri grein 2.6 lið I. Því er réttast að taka út ákvæði um að SSR skipi menn í embætti fyrir 1.maí

2.6 I. Kosning eins fulltrúa af tveimur í eftirtalin ráð og nefndir: Minjanefnd,



2. Flutningsmaður: Jón Andri
Lögð fram á aðalfundi 26.mars 2015

Grein 2.6

F. Kosning stjórnar, sbr. ákvæði 2.7., og tveggja varamanna. Kosið skal í hvert embætti fyrir sig.

Grein 2.7

Stjórn SSR skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður og varaformaður skulu ekki kjörnir á sama ári. Láti einhver stjórnarmanna af störfum eða ef um langvarandi fjarveru stjórnarmanns er að ræða á milli aðalfunda skal varamaður taka sæti hans í stjórn fram að næsta aðalfundi. Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn.

Hér með er lagt til að greinin ásamt nýrri grein hljóði svo:

2.6 F. Kosning stjórnar, sbr. ákvæði 2.7., Kosið skal í hvert embætti fyrir sig.

2.7 Stjórn SSR skal skipuð fimm mönnum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður og varaformaður skulu ekki kjörnir á sama ári. Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn.

2.8 Láti einhver stjórnarmanna, fulltrúi í ráði eða nefnd af störfum eða ef um langvarandi fjarveru stjórnarmanns er að ræða á milli aðalfunda skal félagsfóringjafundur í samráði við Uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi.

Greinargerð.

Á aðalfundi 2014 var bætt inn ákvæði um tvo varamenn í stjórn SSR og það hefði þurft að koma fram í hvaða röð þessir tveir varamenn koma inn í stjórn og eins hefði þurft að vera ákvæði í lögum ef einhver úr ráðum og nefndum SSR láti af störfum. Auðveldasta leiðin til þess að ná yfir öll þessu mál er ef einhvern lætur af störfum í stjórn, ráði eða nefnd SSR skal næsti félagsfóringjafundur SSR skipa mann í embættið fram að næsta aðalfundi. Ef félagsfóringjafundur finnur engan til þess að sinn embættinu skulu félagsfóringjar skipta með sér stöðinni til næsta aðalfundar. Félagsfóringja fundur gæti skipað á fyrsta félagsfóringjafundi eftir aðalfund í stöður varamanna.

Umræður.

Stuttar umræður urðu þá aðalega um seinni tillöguna og útskýrði Jón Andri ástæðu þess af hverju hann ber upp þessa lagabreytingu –

Lesin voru upp fjöldi atkvæða á skátafélög – fyrri lagabreytingartillagan var samþykkt með lófaklappi

Óskað var eftir skriflegum kostningum um seinni lagabreytingartillöguna atkvæði fóru þannig: já 15 nei 1 auð 2 tillaga samþykkt.

5. Kosning stjórnar, sbr ákveði 2.7, og tveggja varamanna. Kosið skal í hvert embætti fyrir sig.

Helgi Jónsson skammaði skátafélögin í Reykjavík fyrr áhugaleysi um störf fyrr SSR og kynnti þá sem gefa kost á sér í stjórn SSR



Til kjörs í stjórn eru eftirfarandi – til tveggja ára.

Formaður, Hrönn Þormóðsdóttir gefur kost á sér til endurkjörs

Gjaldkeri, Arthúr Pétursson gefur kost á sér til endurkjörs

Meðstjórnandi Baldur Árnason

Varamaður til tveggja ára, Páll L Sigurðsson

Varamaður til tveggja ára Sif Pétursdóttir

Samþykkt með lófaklappi.

6. Til kjörs í ráð og nefndir eru eftirfarandi. – til tveggja ára
Úlfljótsvatnsráð: Sveinbjörn Lárusson gefur kost á sér til endurkjörs
Hafravatnsráð: Guðmundur Þór Pétursson gefur kost á sér til endurkjörs

Í Uppstillingarnefnd: Helgi Jónsson formaður, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Jóhanna Þorleifsdóttir.

Í Laganefnd: Margrét Unnur Rögnvaldsdóttir formaður, Arnlaugur Guðmundsson og Sigurjón Einarsson.

Samþykkt með lófaklappi.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna – til eins árs.

Hanna Guðmundsdóttir

Skattur og bókhald, löggildur endurskoðandi

Samþykkt með lófaklappi.

8. Önnur mál.

- Hafravatnsráð kynnti hugmyndir af uppbyggingu á Hafravatni og óskuðu eftir 4.000.000,- kr. Framlagi svo hægt væri að hefja uppbyggingu á salernishúsi og grillastöðu.

Þar sem búið er að afgreiða fjárhagsáætlun var ekki unnt að verða við þessari beiðni.

- Ásta Bjarney – Haförnum bar upp tillögu um svohljóðanda áskorun:

-

Aðalfundur Skátasambands Reykjavíkur skorar á Skóla og frístundaráð Reykjavíkur að auðvelda frjálsum félagasamtökum í borginni kynningu á tómstundastarfi sínu meðal barna og ungmenna Reykjavíkur. Með tilkomu reglna um auglýsingar í skóla og frístundastarf Reykjavíurborgar frá því í september 2013 hafa skátafélög í Reykjavík haft færri tækifæri til að kynna starfsemi sína.

Það er löngu orðið ljóst að þáttaka barna og ungmenna í skipuulögðu æskulýðsstarfi er mikilvæg fyrir mótun sjálfstæðra ábyrga og virkra þáttakenda í lýðræðissamfélagi. Auk þess að hafa virkt forvarnargildi. Almenn fækkun í æskulýðsstarfi er því áhyggjuefni okkar skáta.

Við óskum eftir að ofangreindum reglum verði breytt þannig að hægt verði að auka samstarf skáta, sem og annarra félagasamtaka við skóla borgarinnar til að taka höndum saman um að auka þátttöku barna og ungmenna í frjálsum og uppbyggjandi félagsstarfi.

Samþykkt með lófaklappi

Fundi slitið kl. 22:20